

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 26

við Stjórnartíðindi EB

3. árgangur

20.6.1996

	I EES-STOFNANIR	
	1. EES-ráðið	
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
96/EES/26/01	Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn - Kveðið á um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Noregi.....	01
96/EES/26/02	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókarar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum.....	19
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III EB-STOFNANIR	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
96/EES/26/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.730 - IP/Reuters).....	20
96/EES/26/04	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.751 - Bayer/Hüls - Newco).....	20
96/EES/26/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.683 - GTS-Hermes Inc/Hit Rail BV).....	21
96/EES/26/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.732 - Nordic Capital/Euroc).....	22

96/EES/26/07	Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. IV/M.722 - Teneo/Merrill Lynch/Bankers Trust).....	22
96/EES/26/08	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 8/96 (ex N 537/94) - Ítalía.....	23
96/EES/26/09	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 7/96 (ex N 806/95 og NN 31/96) - Þýskaland.....	23
96/EES/26/10	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 6/96 (ex N 853/95) - Austurríki.....	23
96/EES/26/11	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 53/94 (NN 126/94) - Frakkland.....	24
96/EES/26/12	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 14/94 - Grikkland.....	24
96/EES/26/13	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Cherbourg (Maupertus) og Parísar (Orly).....	24
96/EES/26/14	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Rennes and Toulouse.....	25
96/EES/26/15	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Biarritz/Pau og Lyon (Satolas) og milli Biarritz/Pau og Marseille.....	25
96/EES/26/16	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Rennes og Lille.....	26
96/EES/26/17	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Rennes og Basel-Mulhouse.....	26
96/EES/26/18	Rekstur áætlunarflugleiða - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Brest og Lyon (Satolas).....	27
96/EES/26/19	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	28
3. Dómstóllinn		
96/EES/26/20	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	30
96/EES/26/21	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	31

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt 96/EES/26/01
a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka
við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí
1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins)

KVEÐIÐ Á UM SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU Í ÁÆTLUNARFLUGI Í NOREGI (1)

1. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Noregur ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá 1. apríl 1997 í tengslum við áætlunarflug innan leiðakerfisins sem nær til leiðanna milli Vadsø, Vardø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og Hasvik, og milli þessa flugvallahóps og Kirkenes, Alta og Tromsø.

2. SKILGREININGAR

Í þessari tilkynningu merkir *flugáætlun* eins félags að félaginu beri að flytja farþega alla leið innan leiðakerfisins sem skyldur um opinbera þjónustu ná yfir. Öll viðvöl á jörðu, t.d. þegar skipt er um loftfar, í flugáætlun eins félags skal vera eins stutt og kostur er. Sé annað ekki tekið fram, er þess krafist að ekki sé millilent oftari en þrisvar sinnum í hverri flugáætlun eins félags, ekki sé skipt oftari en einu sinni um loftfar og að ferðin taki ekki meira en fjórar klukkustundir frá brottfararstað til áfangastaðar.

Í þessari tilkynningu merkir *ferðamöguleiki* að flugfélaginu beri að gera farþegum kleift að ferðast alla tilgreinda leið. Þetta er unnt annaðhvort með því að flytja farþega í samræmi við fyrrnefndar kröfur um flugáætlun eins félags, eða á tiltekinn flugvöll á leiðinni til framhaldsflugs á eigin flugleið eða á leiðum annarra flugfélaga sem skyldur um opinbera þjónustu ná ekki til. Í síðarnefnda tilvikinu gilda kröfur um flugáætlun eins félags um þann hluta leiðarinnar sem farinn er innan leiðakerfisins sem skyldur um opinbera þjónustu ná til, nema kveðið sé á um annað.

3. SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU FELA Í SÉR EFTIRFARANDI:

3.1 Svæðisbundið leiðakerfi

Koma skal á svæðisbundnu leiðakerfi sem skili árlega af sér að minnsta kosti 80 milljón sætisklómetrum.

Eftirfarandi sætafjöldi skal vikulega standa til boða bæði til og frá flugvöllum í Kirkenes (KKN), Alta (ALF) og Tromsø (TOS):

- Samtals að minnsta kosti 3,330 sæti, þar af minnst 900 til og frá Kirkenes, minnst 540 til og frá Alta og minnst 1,260 til og frá Tromsø, og afganginum má ráðstafa að vild.

Þegar um er að ræða samtengda þjónustu flugvallanna í Finnörku og Sørkjosen bætist sætakrafan fyrir flugleiðina Sørkjosen-Tromsø við þessar kröfur.

Þar sem krafist er fleiri en einnar flugáætlunar eins félags og/eða ferðamöguleika daglega, verður þjónustan að dreifast jafnt yfir starfsdaginn, að teknu tilliti til almennrar eftirspurnar eftir flugi.

3.2 Mánudagur til föstudags

Frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum, skulu að minnsta kosti 66,67 milljón sætiskílómetrar standa til boða, og að minnsta kosti 1/6 sætanna sem tilgreind eru í lið 3.1 skulu standa til boða daglega frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum.

Eftirfarandi tilgreindir tímar eru staðartímar. Sé ferðamöguleiki nýttur til að veita þjónustuna, skal komu- og brottfarartími samsvara sem frekast er unnt tilgreindum komutíma.

Eftirfarandi kröfur gilda um brott- og komuflug, leiðarval og tímaáætlunir:

Vadsø (VDS):

Að minnsta kosti tíu brott- og komuflug daglega, þar sem tryggja skal eftirfarandi:

- Að minnsta kosti tvær flugáætlunir eins félags báðar leiðir til Kirkenes þar sem koma er tryggð í Kirkenes fyrir kl. 11.00, í Vadsø fyrir kl. 12. 00, brottför frá Vadsø eftir kl. 17.30 og brottför frá Kirkenes eftir kl. 18.30.
- Að minnsta kosti tvær flugáætlunir eins félags báðar leiðir til Hammerfest og að minnsta kosti tveir ferðamöguleikar báðar leiðir til Alta. Fyrir bæði útleið og bakaleið verður koma að vera fyrir kl. 11.00 og brottför eftir kl. 17.00
- Að minnsta kosti fjórar flugáætlunir eins félags eða ferðamöguleiki báðar leiðir til Tromsø. Fyrsta komuflug í Tromsø skal vera fyrir kl. 09.30 og síðasta brottför til Tromsø eftir kl. 17.00. Fyrsta brottför frá Tromsø skal vera fyrir kl. 11.00 og síðasta brottför eftir kl. 21.00.
- Að minnsta kosti fjórar áætlunir framangreindra flugáætlana eins félags/ferðamöguleika skal tímasetja í samræmi við flugáætlunir til/frá Ósló.
- Flugáætlunir eins félags milli annarra flugvalla til og frá Vadsø, eins og krafist er í þessari tilkynningu.

Vardø (VAW):

Að minnsta kosti fjögur brott- og komuflug daglega, þar sem tryggja skal eftirfarandi:

- Flugáætlun eins félags til Kirkenes með komu fyrir kl. 11.00 og heimför eftir kl. 18.30.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags báðar leiðir til Alta og Hammerfest.
- Að minnsta kosti tveir ferðamöguleikar báðar leiðir til Tromsø. Brottför frá Vardø skal möguleg eftir kl. 16.00 og frá Tromsø eftir kl. 17.00.
- Að minnsta kosti tvær áætlunir framangreindra flugáætlana eins félags/ferðamöguleika skal tímasetja í samræmi við flugáætlunir til/frá Ósló.

Båtsfjord (BJF):

Að minnsta kosti fjögur brott- og komuflug daglega, þar sem tryggja skal eftirfarandi:

- Flugáætlun eins félags til Kirkenes. Brottför frá Kirkenes skal vera möguleg eftir kl. 18.30.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags báðar leiðir til Alta, Hammerfest og Vadsø.
- Að minnsta kosti tveir ferðamöguleikar báðar leiðir til Tromsø. Brottför frá Båtsfjord skal vera möguleg eftir kl. 16.00 og frá Tromsø eftir kl. 17.00.
- Að minnsta kosti tvær áætlunir framangreindra flugáætlana eins félags/ferðamöguleika skal tímasetja í samræmi við flugáætlunir til/frá Ósló.

Berlevåg (BVG):

Að minnsta kosti þrjú brott- og komuflug daglega, þar sem tryggja skal eftirfarandi:

- Flugáætlun eins félags til Kirkenes með komu fyrir kl. 11.00 og heimför eftir kl. 18.30.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags báðar leiðir til Alta, Hammerfest og Vadsø.
- Að minnsta kosti tveir ferðamöguleikar báðar leiðir til Tromsø. Brottför frá Berlevåg skal vera möguleg eftir kl. 16.00 og frá Tromsø eftir kl. 17.00.
- Að minnsta kosti tvær áætlanir framangreindra flugáætlana eins félags/ferðamöguleika skal tímasetja í samræmi við flugáætlanir til/frá Ósló.

Mehamn (MEH)

Að minnsta kosti fjögur brott- og komuflug daglega, þar sem tryggja skal eftirfarandi:

- Flugáætlun eins félags til Hammerfest með komu fyrir kl. 09.00 og heimför eftir kl. 17.00.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags báðar leiðir til Alta, Vadsø og Kirkenes.
- Að minnsta kosti tveir ferðamöguleikar báðar leiðir til Tromsø. Fyrsta koma til Tromsø skal vera fyrir 11.00 og síðasta brottför til Tromsø eftir kl. 16.00. Fyrsta brottför frá Tromsø skal vera fyrir 11.00 og síðasta brottför eftir kl. 17.00.
- Að minnsta kosti tvær áætlanir framangreindra flugáætlana eins félags/ferðamöguleika skal tímasetja í samræmi við flugáætlanir til/frá Ósló.

Honningsvåg (HVG)

Að minnsta kosti fjögur brott- og komuflug daglega, þar sem tryggja skal eftirfarandi:

- Að minnsta kosti tvær flugáætlanir eins félags báðar leiðir til Hammerfest. Fyrsta koma til Hammerfest skal vera fyrir kl. 09.00. Brottför skal vera möguleg eftir kl. 17.00 báðar leiðir.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags báðar leiðir til Alta og Vadsø og að minnsta kosti einn ferðamöguleiki báðar leiðir til Kirkenes.
- Að minnsta kosti tvær flugáætlanir eins félags báðar leiðir til Tromsø. Fyrsta koma til Tromsø skal vera fyrir 11.00 og síðasta brottför til Tromsø eftir kl. 17.00. Fyrsta brottför frá Tromsø skal vera fyrir kl. 11.00 og síðasta brottför eftir kl. 17.00.
- Að minnsta kosti þrjár áætlanir framangreindra flugáætlana eins félags/ferðamöguleika skal tímasetja í samræmi við flugáætlanir til/frá Ósló.

Hammerfest (HFT):

Að minnsta kosti 11 brott- og komuflug daglega, þar sem tryggja skal eftirfarandi:

- Að minnsta kosti tvær flugáætlanir eins félags báðar leiðir til Vadsø. Fyrir bæði útleið og bakaleið verður koma að vera fyrir 11.00 og brottför eftir 17.00.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags báðar leiðir til Kirkenes.
- Að minnsta kosti fimm flugáætlanir eins félags báðar leiðir til Tromsø, með að meðaltali mest 0,2 millilendingum. Fyrsta koma til Tromsø skal vera fyrir 09.30 og síðasta brottför til Tromsø eftir kl. 18.00. Fyrsta brottför frá Tromsø skal vera fyrir kl. 08.00 og síðasta brottför eftir kl. 21.00. Að minnsta kosti fjórar áætlanir framangreindra flugáætlana eins félags/ferðamöguleika skal tímasetja í samræmi við flugáætlanir til/frá Ósló.
- Flugáætlanir eins félags milli annarra flugvalla og Hammerfest og v.v., skulu vera í samræmi við kröfur þessarar tilkynningar.

Hasvik (HAA):

Að minnsta kosti tvö brott- og komuflug daglega, þar sem tryggja skal eftirfarandi:

- Flugáætlun eins félags til Hammerfest með komu fyrir kl. 09.00 og heimför eftir kl. 15.00.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags báðar leiðir til Tromsø þar sem báðar leiðir eru tímasettar í samræmi við flugáætlanir til/frá Ósló

3.3 Laugardagur til sunnudags

Á laugardögum og sunnudögum skulu að minnsta kosti 13,33 milljón sætiskílómetrar og að minnsta kosti 1/6 sæta sem tilgreind eru í lið 3.1 standa til boða.

Að auki skal fullnægja eftirfarandi kröfum:

Lágmarksfjöldi brott- og komufluga á laugardögum og sunnudögum til samans: Vadsø 9, Vardø 4, Båtsfjord 4, Berlevåg 3, Mehamn 3, Honningsvåg 4, Hammerfest 14, Hasvik 1. Allir þessir flugvellir að þeim síðastnefnda undanskildum, skulu opnir bæði á laugardögum og sunnudögum. Hasvik-flugvöllur verður að vera opin á sunnudögum.

Eftirfarandi skilyrði gilda um *laugardaga*:

- Vadsø skal úthlutað að minnsta kosti tveimur flugáætlunum eins félags eða ferðamöguleikum báðar leiðir til Tromsø.
- Hammerfest skal úthlutað að minnsta kosti þremur flugáætlunum eins félags báðar leiðir til Tromsø, með að meðaltali mest 0,33 millilendingum.

Eftirfarandi skilyrði gilda um *sunnudaga*:

- Vadsø skal úthlutað að minnsta kosti tveimur flugáætlunum eins félags eða ferðamöguleikum báðar leiðir til Tromsø.
- Hammerfest skal úthlutað að minnsta kosti fjórum flugáætlunum eins félags báðar leiðir til Tromsø, með að meðaltali mest 0,25 millilendingum.
- Hasvik skal úthlutað að minnsta kosti einni flugáætlun eins félags báðar leiðir til Tromsø.

Eftirfarandi skilyrði gilda um leiðir sem þjónað er *bæði laugardaga og sunnudaga*:

- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags milli Hammerfest og Vadsø, og v.v.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags milli Vadsø og Kirkenes, og öfugt.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags eða ferðamöguleiki báðar leiðir til Tromsø frá Honningsvåg, Mehamn, Berlevåg, Båtsfjord og Vardø.

Eftirfarandi skilyrði gilda um leiðir sem þjónað er í einu *laugardaga og sunnudaga*:

- Að minnsta kosti tvær flugáætlanir eins félags báðar leiðir á flugleiðinni Honningsvåg-Hammerfest.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags báðar leiðir til Hammerfest frá Mehamn, Berlevåg, Båtsfjord og Vardø.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags báðar leiðir til Vadsø frá Honningsvåg Mehamn, Berlevåg og Båtsfjord.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags báðar leiðir til Kirkenes frá Hammerfest, Honningsvåg, Mehamn, Berlevåg, Båtsfjord og Vardø.
- Að minnsta kosti ein flugáætlun eins félags báðar leiðir til Alta frá Vadsø.

3.4 Gerð loftfars

Loftfar skráð fyrir minnst 30 farþega skal nota fyrir tilskilinn fjölda flugferða á hvern flugvöll, sbr. lið 3.2 og 3.3. Þó er heimilt að nota loftfar sem er skráð fyrir minnst 15 farþega innan ramma tilskilins fjölda flugferða um flugvöllinn í Båtsfjord, og eins af tilskildum fjölda flugferða um Vadsø-flugvöll. Loftfar sem er skráð fyrir færri en 30 farþega en minnst 15 farþega er aðeins heimilt að nota ef það býður minnst tvær ferðir fyrir hverja ferð stærri loftfara sem þá falla niður.

Loftfar sem er skráð fyrir minnst 30 farþega skal eigi að síður notað á öllum flugvöllum, að Båtsfjord undanskildum, þar sem skylt er að veita opinbera þjónustu daglega. Ennfremur ber að takmarka notkun loftfars fyrir færri en 30 farþega við eitt loftfar til að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu.

Athygli flugfélaga er sérstaklega vakin á stuttum flugbrautum og öðrum sérstökum tækniskilyrðum og skilyrðum til athafna á flugvöllum, einkum á Båtsfjord flugvelli. Unnt er að fá frekari upplýsingar hjá Luftfartsverket (Civil Aviation Administration), P.O.Box 8124 Dep., N-0032 OSLO, sími + 47 22 94 20 00.

3.5 Fargjöld:

- Hámarksgrunnfargjöld aðra leið fyrir árið sem hefst 1. apríl 1997 mega ekki fara yfir upphæðir sem tilgreindar eru hér að neðan í NOK.
- Fyrir hvert ár þar á eftir skulu þessi fargjöld endurskoðuð 1. apríl á grundvelli vísitölu vöru og þjónustu fyrir tólf mánaða tímabil sem lýkur 15. febrúar sama ár, svo sem norska hagstofan gefur út.
Flugfélagið skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda fyrir innanlandsleiðir á hvaða tíma sem er og skal bjóða alla afslætti samkvæmt slíkum samningum.
- Félagslegir afslættir skulu veittir í samræmi við gildandi venjur.

Til	ALF	BJF	BVG	HAA	HFT	HVG	KKN	MEH	TOS	VAW	VDS
Frá											
ALF	-										
BJF	1100	-									
BVG	1100	395	-								
HAA	505	1245	1195	-							
HFT	505	985	985	505	-						
HVG	940	795	685	825	655	-					
KKN	X	655	780	1185	1085	1085	-				
MEH	1100	505	395	1055	865	480	940	-			
TOS	X	1505	1505	1055	1055	1290	X	1505	-		
VAW	1100	485	555	1295	1085	990	490	820	1505	-	
VDS	1100	655	620	1270	1085	990	395	820	1505	490	-

Auglýst hámarksfargjöld gilda þegar flugfélagið ber ábyrgð á flutningi á allri tilgreindri leið innan kerfis sem skyldur um opinbera þjónustu ná yfir. Í tilvikum þegar ferðamöguleikar eru veittir með framhaldsflugi á leiðum sem skyldur um opinbera þjónustu taka ekki til, gilda félagafflugskiptasamningar.

Auglýst fargjöld gilda um allar tilskildar flugáætlanir eins félags, sbr. lið 3.2 og 3.3. Óháð leiðarvali. Þar sem ekki er krafist flugáætlunar eins félags innan leiðakerfisins sem skyldur um opinbera þjónustu tekur til, gilda auglýst fargjöld sem hámarksfargjöld í tengslum við beint flug, framhaldsflug eða leiðarval sem er í eðlilegu samræmi við landfræðilegar aðstæður. Í öðrum tilvikum mega fargjöld ekki fara yfir það hámark sem leiðir af útreikningskerfinu sem notað er fyrir félagafflugskiptasamninga.

Borgartvenndir merktar „X“ falla ekki undir skyldur um opinbera þjónustu. Þar af leiðandi eru hámarksfargjöld ekki skilgreind.

3.6 Reglubundin þjónusta

Fjöldi flugferða sem fellur niður og sem rekja má beint til flugfélagsins má ekki fara yfir 2% af fyrirhuguðum flugferðum á ári.

4. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90
Bréfasími: +47 22 24 95 72
Telex: 21439 sdep n.

KVEÐIÐ Á UM SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU Í ÁÆTLUNARFLUGI Í NOREGI (2)

1. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Noregur ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá 1. apríl 1997 á eftirfarandi leið:

- Sørkjosen - Tromsø.

2. SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU FELA Í SÉR EFTIRFARANDI:

2.1 Lágmarkstíðni flugferða og sætaframboð

Tíðni flugferða:

- Að minnsta kosti tvö flug daglega báðar leiðir, án millilendingar, á flugleiðinni Sørkjosen - Tromsø.

Sætaframboð:

- Að minnsta kosti 45 sæti daglega bæði til og frá Tromsø.

Kröfurnar um tíðni flugferða og sætafjölda sem um getur í þessum lið eiga við um alla daga frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum. Á laugardögum og sunnudögum til samans, skulu minnst 100 prósent af tilskildum flugferðum og sætum fyrir virkan dag standa til boða með skyldu um þjónustu bæði laugardaga og sunnudaga. Kröfurnar gilda allt árið.

Þegar um er að ræða samtengda þjónustu Sørkjosen við flugvelli í Finnörku bætist þessi sætakrafa við þau sæti sem krafist er á flugleiðinni milli Finnmerkur og flugvalla í innlenda leiðakerfinu.

2.2 Tímaáætlanir

Tímasetja skal tilskilin flug í samræmi við almenna eftirspurn eftir flugferðum.

Frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum, er eftirfarandi krafist:

- Fyrsta koma til Tromsø fyrir kl. 09.30 og síðasta brottför til Tromsø eftir kl. 16.00.
- Fyrsta brottför frá Tromsø fyrir kl. 11.00 og síðasta brottför frá Tromsø eftir kl. 17.00.

2.3 Gerð loftfars

Nota skal loftfar skráð fyrir minnst 15 farþega fyrir tilskilin flug.

Athygli flugfélaga er sérstaklega vakin á stuttum flugbrautum og öðrum sérstökum tækniskilyrðum og skilyrðum til athafna á flugvöllum. Unnt er að fá frekari upplýsingar hjá Luftfartsverket (Civil Aviation Administration), P.O.Box 8124 Dep., N-0032 OSLO, sími + 47 22 94 20 00.

2.4 Fargjöld

- Hámarksgrunnfargjöld aðra leið fyrir árið sem hefst 1. apríl 1997 mega ekki fara yfir 560,- NOK.
- Fyrir hvert ár þar á eftir skulu þessi fargjöld endurskoðuð 1. apríl á grundvelli vísitölu vöru og þjónustu fyrir tólf mánaða tímabil sem lýkur 15. febrúar sama ár, svo sem norska hagstofan gefur út. Flugfélagið skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda fyrir innanlandsleiðir á hvaða tíma sem er og skal bjóða alla afslætti samkvæmt slíkum samningum.
- Félagslegir afslættir skulu veittir í samræmi við gildandi venjur.

2.5 Reglubundin þjónusta

Fjöldi flugferða sem fellur niður og sem rekja má beint til flugfélagsins má ekki fara yfir 2% af fyrirhuguðum flugferðum á ári.

3. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90
Bréfasími: +47 22 24 95 72
Telex: 21439 sdep n.

KVEÐIÐ Á UM SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU Í ÁÆTLUNARFLUGI Í NOREGI (3)

1. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Noregur ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá 1. apríl 1997 á eftirfarandi leiðum:

- frá *Andenes*, til Bodø og Tromsø,
- frá *Narvik (Framnes)*, *Stokmarknes*, *Svolvær* og *Leknes*, til Bodø.

2. SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU FELA Í SÉR EFTIRFARANDI:

2.1 Lágmarkstíðni flugferða og sætaframboð

Sé annað ekki tekið fram gildir eftirfarandi: Kröfurnar um tíðni flugferða og sætafjölda sem um getur í þessum lið eiga við um alla daga frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum. Á laugardögum og sunnudögum til samans skulu minnst 125 prósent af tilskildum flugferðum og sætum fyrir virkan dag standa til boða með skyldu um þjónustu á öllum tilgreindum flugleiðum bæði laugardaga og sunnudaga. Kröfurnar gilda allt árið.

Kröfur um fjölda millilendinga gilda á vikugrundvelli og eiga aðeins við um lágmarksfjölda tilskilinna flugferða.

Andenes:

- Að minnsta kosti þrjú flug daglega báðar leiðir til Bodø, með að meðaltali mest 0,67 millilendingum.
- Að minnsta kosti tvö flug daglega báðar leiðir, án millilendingar, til Tromsø.

Narvik (Framnes):

- Að minnsta kosti þrjú flug daglega báðar leiðir til Bodø, án millilendingar.

Stokmarknes:

- Að minnsta kosti fimm flug daglega báðar leiðir til Bodø, án millilendingar.

Svolvær:

- Að minnsta kosti fimm flug daglega báðar leiðir til Bodø, með að meðaltali mest 0,2 millilendingum.

Leknes:

- Að minnsta kosti fimm flug daglega báðar leiðir til Bodø, með að meðaltali mest 0,2 millilendingum.

Sætaframboð til og frá Bodø

Lágmarkssætaframboð er margfeldið af lágmarksfjölda brottfluga og lágmarksstærðar loftfars, nema í eftirfarandi tilvikum:

Þjónusta Stokmarknes:

- Að minnsta kosti 210 sæti bæði til og frá Bodø.

Samtengd þjónusta Andenes og Narvik (Framnes):

- Að minnsta kosti 150 sæti bæði til og frá Bodø.

Samtengd þjónusta Andenes og Stokmarknes:

- Að minnsta kosti 270 sæti bæði til og frá Bodø.

Samtengd þjónusta Andenes, Stokmarknes og Narvik (Framnes):

- Að minnsta kosti 360 sæti bæði til og frá Bodø.

Þjónusta Leknes:

- Að minnsta kosti 180 sæti bæði til og frá Bodø.

Samtengd þjónusta Svolvær og Leknes:

- Að minnsta kosti 330 sæti bæði til og frá Bodø.

Fyrir aðrar samtengingar en hér eru taldar upp, skal leggja saman þau sæti sem krafa er gerð um í hverju tilviki fyrir sig.

2.2 Tímaáætlanir

Tilskilin flug skulu dreifast jafnt yfir starfsdaginn, með tilliti til almennrar eftirspurnar eftir flugferðum.

Enn fremur gilda eftirfarandi sérkröfur um tímaáætlanir frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum (allir tímar eru staðartímar).

Andenes:

- Brottför til Tromsø fyrir kl. 10.00 og eftir kl. 16.00.
- Brottför frá Tromsø fyrir kl. 11.00 og eftir kl. 16.00.
- Fyrsta koma til Bodø fyrir kl. 08.00 og síðasta brottför til Bodø eftir kl. 16.00.
- Fyrsta brottför frá Bodø fyrir kl. 11.00 og síðasta brottför frá Bodø eftir kl. 20.00.

Narvik (Framnes):

- Fyrsta koma til Bodø fyrir kl. 08.00 og síðasta brottför til Bodø eftir kl. 17.00.
- Fyrsta brottför frá Bodø fyrir kl. 11.00 og síðasta brottför eftir kl. 20.00.

Stormarknes:

- Fyrsta koma til Bodø fyrir kl. 08.00 og síðasta brottför til Bodø eftir kl. 19.00.
- Fyrsta brottför frá Bodø fyrir kl. 09.00 og síðasta brottför eftir kl. 20.00.

Svolvær:

- Fyrsta koma til Bodø fyrir kl. 08.00 og síðasta brottför til Bodø eftir kl. 18.00.
- Fyrsta brottför frá Bodø fyrir kl. 09.00 og síðasta brottför eftir kl. 20.00.

Leknes:

- Fyrsta koma til Bodø fyrir kl. 08.00 og síðasta brottför til Bodø eftir kl. 18.00.
- Fyrsta brottför frá Bodø fyrir kl. 09.00 og síðasta brottför eftir kl. 20.00.

2.3 Gerð loftfars

Nota skal loftfar skráð fyrir minnst 30 farþega fyrir tilskilin flug.

Athygli flugfélaga er sérstaklega vakin á stuttum flugbrautum og öðrum sérstökum tækniskilyrðum og skilyrðum til athafna á flugvöllum í Narvik (Framnes), Stokmarknes, Svolvær og Leknes. Unnt er að fá frekari upplýsingar hjá Luftfartsverket (Civil Aviation Administration), P.O.Box 8124 Dep., N-0032 OSLO, sími + 47 22 94 20 00.

2.4 Fargjöld

- Hámarksgrunnfargjöld aðra leið fyrir árið sem hefst 1. apríl 1997 má ekki fara yfir upphæðir sem tilgreindar eru hér að neðan í NOK.
- Fyrir hvert ár þar á eftir skulu þessi fargjöld endurskoðuð 1. apríl á grundvelli vísitölu vöru og þjónustu fyrir tólf mánaða tímabil sem lýkur 15. febrúar sama ár, svo sem norska hagstofan gefur út.
- Flugfélagið skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda fyrir innanlandsleiðir á hvaða tíma sem er og skal bjóða alla afslætti samkvæmt slíkum samningum.
- Félagslegir afslættir skulu veittir í samræmi við gildandi venjur.

Frá	Til	Bodø	Tromsø
Andenes		1175	560
Narvik		960	X
Stokmarknes		745	X
Svolvær		650	X
Leknes		650	X

Borgartvenndir merktar „X” falla ekki undir skyldur um opinbera þjónustu. Þar af leiðandi eru hámarksfargjöld ekki skilgreind.

2.5 Reglubundin þjónusta

Fjöldi flugferða sem fellur niður og sem rekja má beint til flugfélagsins má ekki fara yfir 2% af fyrirhuguðum flugferðum á ári.

3. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90
Bréfasími: +47 22 24 95 72
Telex: 21439 sdep n.

KVEÐIÐ Á UM SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU Í ÁÆTLUNARFLUGI Í NOREGI (4)

1. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Noregur ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá 1. apríl 1997 á eftirfarandi leið:

- Røst - Bodø.

2. SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU FELA Í SÉR EFTIRFARANDI:

2.1 Lágmarkstíðni flugferða

Flugleiðina skal starfrækja allt árið í samræmi við eftirfarandi kröfur:

Mánudagur til föstudags:

- Að minnsta kosti tvö flug daglega báðar leiðir, með að meðaltali mest 10,5 millilendingum.
- Á tímabilinu 1. nóvember - 31. janúar má þess í stað fljúga eitt flug daglega báðar leiðir, án millilendingar.

Laugardagur til sunnudags:

- Að minnsta kosti eitt flug daglega báðar leiðir, með að meðaltali mest 0,5 millilendingum.

Heimilt er að tengja flugferðirnar annarri flugþjónustu án þess að auka kröfur um sætafjölda umfram það sem kveðið er á um í viðkomandi tilkynningum um skyldur um opinbera þjónustu.

2.2 Tímaáætlanir

Á þeim dögum sem krafist er tveggja flugferða báðar leiðir verður áætlunin að gera farþegum frá Røst kleift að ná til Bodø fyrir hádegi og halda heim síðdegis eða um kvöldið.

2.3 Gerð loftfars

Nota skal loftfar (flugvél eða þyrllu) sem skráð fyrir minnst 15 farþega.

Athygli flugfélaga er sérstaklega vakin á stuttum flugbrautum og öðrum sérstökum tækniskilyrðum og skilyrðum til athafna á flugvellinum Røst. Unnt er að fá frekari upplýsingar hjá Luftfartsverket (Civil Aviation Administration), P.O.Box 8124 Dep., N-0032 OSLO, sími + 47 22 94 20 00.

2.4 Fargjöld

- Hámarksgrunnfargjöld aðra leið fyrir árið sem hefst 1. apríl 1997 mega ekki fara yfir 650,- NOK.
- Fyrir hvert ár þar á eftir skulu þessi fargjöld endurskoðuð 1. apríl á grundvelli vísitölu vöru og þjónustu fyrir tólf mánaða tímabil sem lýkur 15. febrúar sama ár, svo sem norska hagstofan gefur út.
- Flugfélagið skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda fyrir innanlandsleiðir á hvaða tíma sem er og skal bjóða alla afslætti samkvæmt slíkum samningum.
- Félagslegir afslættir skulu veittir í samræmi við gildandi venjur.

2.5 Reglubundin þjónusta

Fjöldi flugferða sem fellur niður og sem rekja má beint til flugfélagsins má ekki fara yfir 2% af fyrirhuguðum flugferðum á ári.

3. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90
Bréfasími: +47 22 24 95 72
Telex: 21439 sdep n.

KVEÐIÐ Á UM SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU Í ÁÆTLUNARFLUGI Í NOREGI (5)

1. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Noregur ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá 1. apríl 1997 á eftirfarandi leiðum:
 - Frá Mo i Rana, Mosjøen, Sandnessjøen og Brønnøysund, til Bodø, Trondheim og Óslóar (Fornebu).

2. SKILGREININGAR

Í þessari tilkynningu merkir *flugáætlun eins* félags að félaginu beri að flytja farþega alla leið innan leiðakerfisins sem skyldur um opinbera þjónustu ná yfir. Öll viðdvöl á jörðu þegar skipt er um loftfar í flugáætlun eins félags skal vera eins stutt og kostur er.

Í þessari tilkynningu merkir *ferðamöguleiki* að flugfélaginu beri að gera farþegum kleift að ferðast alla tilgreinda leið. Þetta er unnt annaðhvort með því að flytja farþega í samræmi við fyrrnefndar kröfur um flugáætlun eins félags, eða á tiltekinn flugvöll á leiðinni til framhaldsflugs á eigin flugleið félagsins eða á leiðum annarra flugfélaga sem skyldur um opinbera þjónustu ná ekki til.

3. SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU FELA Í SÉR EFTIRFARANDI:

3.1 Lágmarkstíðni flugferða og sætaframboð

Kröfurnar um tíðni flugferða og sætafjölda sem um getur í þessum lið eiga við um alla daga frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum. Á laugardögum og sunnudögum til samans skulu minnst 125 prósent af tilskildum flugferðum og sætum fyrir virkan dag standa til boða með skyldu um þjónustu hvað varðar allar tilgreindar flugáætlanir eins félags og ferðamöguleika bæði laugardaga og sunnudaga. Kröfurnar gilda allt árið.

Kröfur um fjölda millilendinga gilda fyrir vikuna og eiga aðeins við um lágmarksfjölda tilskilinna flugferða.

Mo i Rana:

- Að minnsta kosti fjórar flugáætlanir eins flugfélags daglega báðar leiðir til Bodø, án millilendingar.
- Að minnsta kosti þrjár flugáætlanir eins flugfélags daglega til Trondheim, með að meðaltali mest 1,33 millilendingum.
- Að minnsta kosti fjórar flugáætlanir eins flugfélags eða ferðamöguleikar daglega báðar leiðir til Óslóar. Í flugáætlun eins flugfélags eru millilendingar einungis heimilaðar á Helgeland-svæðinu (þ.e. Mo i Rana, Mosjøen, Sandnessjøen, Brønnøysund). Hvað varðar ferðamöguleika skulu tengingar við aðrar flugleiðir standa til boða í Trondheim og flug frá Mo i Rana til Trondheim og v.v. skulu háð sömu skilyrðum um fjölda millilendinga og gilda um skyldur um opinbera þjónustu fyrir þessa flugleið.

Mosjøen:

- Að minnsta kosti fjórar flugáætlanir eins flugfélags daglega báðar leiðir til Bodø, með að meðaltali mest 1 millilendingu.
- Að minnsta kosti þrjár flugáætlanir eins flugfélags daglega báðar leiðir til Trondheim, með að meðaltali mest 1 millilendingu.
- Að minnsta kosti þrjár flugáætlanir eins flugfélags eða ferðamöguleikar daglega báðar leiðir til Óslóar. Í flugáætlun eins flugfélags eru millilendingar einungis heimilaðar á Helgeland-svæðinu (þ.e. Mo i Rana, Mosjøen, Sandnessjøen, Brønnøysund). Hvað varðar ferðamöguleika skulu tengingar við aðrar flugleiðir standa til boða í Trondheim og flug frá Mosjøen til Trondheim og v.v. skulu háð sömu skilyrðum um fjölda millilendinga og gilda um skyldur um opinbera þjónustu fyrir þessa flugleið.

Sandnessjøen:

- Að minnsta kosti fjórar flugáætlanir eins flugfélags daglega báðar leiðir til Bodø, með að meðaltali mest 0,50 millilendingum.
- Að minnsta kosti þrjár flugáætlanir eins flugfélags daglega til Trondheim, með að meðaltali mest 1,33 millilendingum.
- Að minnsta kosti þrjár flugáætlanir eins flugfélags eða ferðamöguleikar daglega báðar leiðir til Óslóar. Í flugáætlun eins flugfélags eru millilendingar einungis heimilaðar á Helgeland-svæðinu (þ.e. Mo i Rana, Mosjøen, Sandnessjøen, Brønnøysund). Hvað varðar ferðamöguleika skulu tengingar við aðrar flugleiðir standa til boða í Trondheim og flug frá Sandnessjøen til Trondheim og v.v. skulu háð sömu skilyrðum um fjölda millilendinga og gilda um skyldur um opinbera þjónustu fyrir þessa flugleið.

Brønnøysund:

- Að minnsta kosti fjórar flugáætlanir eins flugfélags daglega báðar leiðir til Bodø, með að meðaltali mest 1,5 millilendingum.
- Að minnsta kosti þrjár flugáætlanir eins flugfélags daglega til Trondheim, með að meðaltali mest 0,33 millilendingum.
- Að minnsta kosti þrjár flugáætlanir eins flugfélags eða ferðamöguleikar daglega báðar leiðir til Óslóar. Í flugáætlun eins flugfélags eru millilendingar einungis heimilaðar á Helgeland-svæðinu (þ.e. Mo i Rana, Mosjøen, Sandnessjøen, Brønnøysund). Hvað varðar ferðamöguleika skulu tengingar við aðrar flugleiðir standa til boða í Trondheim og flug frá Brønnøysund til Trondheim og v.v. skulu háð sömu skilyrðum um fjölda millilendinga og gilda um skyldur um opinbera þjónustu fyrir þessa flugleið.

Sætaframboð til og frá flugvöllum í innlenda leiðakerfinu:

Samtengd þjónusta Mo i Rana og Mosjøen:

- Að minnsta kosti 132 sæti bæði til og frá Bodø.
- Að minnsta kosti 132 sæti bæði til og frá Trondheim og Ósló, þar af minnst 90 til og frá Trondheim, en afganginum má ráðstafa að vild.

Samtengd þjónusta Sandnessjøen og Brønnøysund:

- Að minnsta kosti 132 sæti bæði til og frá Bodø.
- Að minnsta kosti 132 sæti bæði til og frá Trondheim og Ósló, þar af minnst 90 til og frá Trondheim, en afganginum má ráðstafa að vild.

Hugsanleg samtengd þjónusta Mo i Rana, Mosjøen, Sandnessjøen og Brønnøysund:

- Að minnsta kosti 264 sæti bæði til og frá Bodø.
- Að minnsta kosti 264 sæti bæði til og frá Trondheim og Ósló, þar af minnst 132 til og frá Trondheim, en afganginum má ráðstafa að vild.

Þegar um er að ræða samtengda þjónustu flugvallanna á Helgeland-svæðinu og í Nord-Trøndelag (þ.e. Namsos og Rørvik) bætist þessi sætakrafa við þau sæti sem krafist er á flugleiðinni milli Trondheim og Namsos/Rørvik.

3.2 Tímaáætlanir

Tilskilin flug skulu dreifast jafnt yfir starfsdaginn, með tilliti til almennrar eftirspurnar eftir flugferðum.

Í samræmi við 9. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 95/93 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum eru eftirfarandi afgreiðslutímar, sem nú eru í notkun á leiðinni milli Óslóar og Helgeland, fráteknir á flugvællinum í Ósló, (staðartímar):

- Frá sunnudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum: kl. 18.05 og 19.25.

Ennfremur gilda eftirfarandi kröfur um tímaáætlun frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum um Mo i Rana, Mosjøen, Sandnessjøen og Brønnøysund:

- Koma til Bodø fyrir kl. 11.00 og brottför frá Bodø eftir kl. 18.00.
- Koma til Trondheim fyrir kl. 09.00 og brottför frá Trondheim eftir kl. 19.30.
- Brottför til Bodø og til Trondheim eftir kl. 16.00.
- Brottför frá Bodø fyrir kl. 09.00 og frá Trondheim fyrir kl. 09.30.
- Möguleiki á komu til Óslóar fyrir kl. 10.00 og heimför eftir kl. 18.00.
- Möguleiki á brottför frá Ósló fyrir kl. 09.00 og heimför eftir kl. 15.00.

3.3 Gerð loftfars

Nota skal loftfar skráð fyrir minnst 30 farþega fyrir tilskilin flug.

Athygli flugfélaga er sérstaklega vakin á stuttum flugbrautum og öðrum sérstökum tækniskilyrðum og skilyrðum til athafna á flugvöllum. Unnt er að fá frekari upplýsingar hjá Luftfartsverket (Civil Aviation Administration), P.O.Box 8124 Dep., N-0032 OSLO, sími + 47 22 94 20 00.

3.4 Fargjöld

- Hámarksgrunnfargjöld aðra leið fyrir árið sem hefst 1. apríl 1997 mega ekki fara yfir upphæðir sem tilgreindar eru hér að neðan í NOK.
- Fyrir hvert ár þar á eftir skulu þessi fargjöld endurskoðuð 1. apríl á grundvelli vísitölu vöru og þjónustu fyrir tólf mánaða tímabil sem lýkur 15. febrúar sama ár, svo sem norska hagstofan gefur út.
- Flugfélagið skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda fyrir innanlandsleiðir á hvaða tíma sem er og skal bjóða alla afslætti samkvæmt slíkum samningum.
- Félagslegir afslættir skulu veittir í samræmi við gildandi venjur.

Frá	Til	Bodø	Trondheim	Ósló
Mo i Rana		670	1270	2025
Mosjøen		915	1140	1910
Sandnessjøen		915	1140	1910
Brønnøysund		1065	1045	1830

Auglýst hámarksfargjöld gilda þegar flugfélagið ber ábyrgð á flutningi á allri tilgreindri leið innan kerfis sem skyldur um opinbera þjónustu ná yfir. Í tilvikum þegar ferðamöguleikar til/frá Ósló eru veittir með framhaldsflugi á leiðum sem skyldur um opinbera þjónustu taka ekki til, gilda félagaflogskiptasamningar.

3.5 Reglubundin þjónusta

Fjöldi flugferða sem fellur niður og sem rekja má beint til flugfélagsins má ekki fara yfir 2% af fyrirhuguðum flugferðum á ári.

4. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90
Bréfasími: +47 22 24 95 72
Telex: 21439 sdep n.

KVEÐIÐ Á UM SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU Í ÁÆTLUNARFLUGI Í NOREGI (6)

1. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Noregur ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá 1. apríl 1997 á eftirfarandi leiðum:

- Namsos - Trondheim,
- Rørvik - Trondheim.

2. SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU FELA Í SÉR EFTIRFARANDI:

2.1 Lágmarkstíðni flugferða og sætaframboð

Kröfurnar um tíðni flugferða og sætafjölda sem um getur í þessum lið eiga við um alla daga frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum. Á laugardögum og sunnudögum til samans skulu minnst 125 prósent af tilskildum flugferðum og sætum fyrir virkan dag standa til boða með skyldu um þjónustu hvað varðar allar tilgreindar flugáætlanir eins félags og ferðamöguleika bæði laugardaga og sunnudaga. Kröfurnar gilda allt árið.

Kröfur um fjölda millilendinga gilda fyrir vikuna og eiga aðeins við um lánmarksfjölda tilskilinna flugferða.

Namsos:

- Að minnsta kosti þrjú flug daglega báðar leiðir til Trondheim, með að meðaltali mest 0,33 millilendingum.

Rørvik:

- Að minnsta kosti tvö flug daglega báðar leiðir til Trondheim, með að meðaltali mest 1 millilendingu.

Sætaframboð til og frá Trondheim:**Samtengd þjónusta Namsos og Rørvik:**

- Að minnsta kosti 90 sæti bæði til og frá Trondheim.

Þegar um er að ræða samtengda þjónustu flugvallanna í Namsos og Rørvik og flugvallanna á Helgeland-svæðinu (þ.e. Mo i Rana, Mosjøen, Sandnessjøen og Brønnøysund), bætist þessi satakrafa við þau sæti sem krafist er á flugleiðinni milli Trondheim og Helgeland.

2.2 Tímaáætlanir

Tímasetja skal tilskilin flug í samræmi við almenna eftirspurn eftir flugferðum.

Frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum, gilda eftirfarandi kröfur um tímaáætlun bæði fyrir Namsos og Rørvik:

- Fyrsta koma til Trondheim fyrir kl. 09.00 og síðasta brottför til Trondheim eftir kl. 16.00.
- Fyrsta brottför frá Trondheim fyrir kl. 10.00 og síðasta brottför eftir kl. 18.30.

2.3 Gerð loftfars

Nota skal loftfar skráð fyrir minnst 30 farþega fyrir tilskilin flug.

Athygli flugfélaga er sérstaklega vakin á stuttum flugbrautum og öðrum sérstökum tækniskilyrðum og skilyrðum til athafna á flugvöllum. Unnt er að fá frekari upplýsingar hjá Luftfartsverket (Civil Aviation Administration), P.O.Box 8124 Dep., N-0032 OSLO, sími + 47 22 94 20 00.

2.4 Fargjöld

- Hámarksgrunnfargjöld aðra leið fyrir árið sem hefst 1. apríl 1997 mega ekki fara yfir upphæðir sem tilgreindar eru hér að neðan í NOK.
Namsos-Trondheim: 730 NOK,-
Rørvik-Trondheim: 925 NOK,-
- Fyrir hvert ár þar á eftir skulu þessi fargjöld endurskoðuð 1. apríl á grundvelli vísitölu vöru og þjónustu fyrir tólf mánaða tímabil sem lýkur 15. febrúar sama ár, svo sem norska hagstofan gefur út.
